



## Skýrsla stjórnar Betri samgangna 2022

Ágætu hluthafar og aðrir gestir.

---

Að baki er fyrsta heila rekstrarárið og má segja að það hafi gengið með ágætum. Framkvæmdastjóri var ráðinn á gamlársdag árið áður og kom til starfa 4. janúar. Skrifstofa var opnuð 1. febrúar í Grandagarði 16 og kom Valur Árnason lögfræðingur þá einnig til starfa tímabundið og starfaði fram í september.

Við lítum á það sem frumskyldu okkar að tryggja að kostnaðar- og tímaáætlanir standist. Meðal annars í þeim tilgangi réðum við Þröst Guðmundsson til starfa sem forstöðumann verkefna og áætlana og hóf hann störf í febrúar. Við höfum einnig gengið frá viljayfirlýsingu við Háskólinn í Reykjavík um samstarf um doktorsverkefni á sviði rekstarverkfræði með áherslu á verkefnastjórnsýslu og gagnasafnsfræði. Tilgangurinn er að þróa aðferð sem tryggir betri ákvörðunartöku, meiri áhættuvitund og aukna skilvirkni vegna fjárfestinga í stórum og umfangsmiklum verkefnum sem kalla á hagkvæmniathuganir. Ein af útkomum verkefnisins verður að safnað verði með formlegum hætti gögnum um lykilstærðir vegna opinberra fjárfestingaverkefna. Með þessu verður mögulegt að bera saman mismunandi verkefni, meta áhættu og gera forspá um árangur á grunni reynslunnar. Ásthildur Lára Stefánsdóttir MSc í rekstrarverkfræði mun vinna að doktorsverkefninu, undir handleiðslu þeirra Þórðar Víkings Friðgeirssonar og Helga Þórs Ingasonar fræðimanna við Háskólann í Reykjavík.

Þorsteinn R. Hermannsson samgöngustjóri Reykjavíkurborgar kom til okkar tímabundið til starfa sem forstöðumaður samgangna í eitt ár í september. Auk þess að veita framkvæmdastjóra og stjórn ráðgjöf á sviði samgönguverkfræði hefur hann stýrt undirbúningi að þróun Keldnalandins og þróun hugmynda varðandi flýti- og umferðargjöld. Nú eru því þrír starfsmenn á skrifstofunni.

Stjórn hefur verið óbreytt frá stofnun og það lítur út fyrir að hún verði óbreytt að loknum þessum fundi einnig. Samstarfið hefur gengið frábærlega, en það voru haldnir 25 stjórnarfundir á árinu.

---

Það má segja að það séu tvær hliðar á samgöngusáttmálanum. Annars vegar eru fjárfestingarnar og hins vegar fjármögnunin. Við skulum byrja á fjárfestingunum.

Eins og kunnugt er skiptast þær í fernt; stofnvegi, Borgarlínuna, hjóla- og göngustíga og öryggi og flæði. Það má sjá stöðu þessara verkefna á vef okkar, [betrisamgongur.is](https://betrisamgongur.is), og er hún uppfærð þegar þörf krefur. Það er ekki ætlunin að búa til neitt bákni hjá Betri samgöngum, heldur er mikilvægt að nýta þá innviði og þá þekkingu sem eru til hjá Vegaerðinni, sveitarfélögunum og stofum sem sinna ráðgjöfa á þessu sviði. Þess vegna gerðum við rammasamkomulag við Vegagerðina í lok mars á síðasta árið. Samkomulagið markar verkaskiptingu Betri samgangna og Vegagerðarinnar, og fjallar meðal annars um framkvæmd fjárfestinga Samgöngusáttmálans, verkefnastjórn og verkefnaskipulag,



verkefnagát og áhættustýringu, framkvæmda- og fjárstreymisáætlun, og aðkomu sveitarfélaganna að verkefnum í gegnum verkefnastofur og verkefnaskipulag.

Samstarfið við Vegagerðina hefur gengið vel en báðir aðilar eru sammála um að framgangur sumra verkefna mætti vera hraðari. Við eru í sameiningu að leita leiða til að tryggja að sem minnstar tafir verða á verkefnum. Ljóst er að sú tímaáætlun sem fylgdi Samgöngusáttmálanum var því miður að sumu leyti ekki raunhæf. Þá er ljóst að takmarkaður mannskapur og takmarkaðir innviður eru til staðar bæði á stofum sem koma að undirbúningi verkefna og hjá verktökum sem sinna verklegum framkvæmdum. Það er ekki nema von nú þegar stærsta fjárfesting Íslandssögunnar í samgöngumálum er að bresta á. Það er mikilvægt að þessir aðilar hefji þegar í stað undirbúning til að auka getu sína til að taka að sér verkefni, til dæmis með samstarfi við erlenda aðila.

---

Þá er það fjármögnunin. Hún felst í framlögum frá hluthöfum, Keldnalandinu og flýti- og umferðargjöldum.

Í sumar undirrituðum við samning við ríkið og sveitarfélögin um fjármagsskipan fyrirtækisins. Samningurinn rammaði inn samkomulag milli Betri samgangna og hluthafa þess um fyrirkomulag og meðferð framlaga hluthafa vegna verkefna Samgöngusáttmálans, ásamt öðrum tæknilegum atriðum. Síðan þá hafa framlög hluthafa byrjað að berast beint til okkar.

Betri samgöngum er ætlað að innheimta flýti- og umferðargjöld á höfuðborgarsvæðinu, verði ákveðið með lögum að leggja slík gjöld á, og byggja upp innviði slíkrar innheimtu. Samkvæmt Samgöngusáttmálanum er flýti- og umferðargjöldum að fjárhæð um 60 milljarðar króna ætlað að standa straum af stofnframkvæmdum, fjármögnun og afleiddum kostnaði um leið og þau eiga að stuðla að því að markmiðum sáttmálans verði náð.

Betri samgöngur hafa unnið að undirbúningi og greiningarvinnu frá miðju ári 2021 og ráðgjafahópur með fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, innviðaráðuneytinu og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur fundað reglulega frá síðasta hausti. Farið hefur verið yfir gögn um útfærslu og reynslu erlendis, lykilorði sem þarf að greina við innleiðingu flýti- og umferðargjalda og samspil þeirra við almennar breytingar á gjaldtöku á bílaumferð á landsvísu. Þá hefur samráð verið við haft við sérfræðinga International Transport Forum hjá Efnahags og framfarastofnuninni OECD um hvernig best er staðið að undirbúningi og innleiðingu.

Ráðgjafar hafa unnið frummat á kostnaði við koma á sjálfvirkri gjaldheimtu af bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu, með sama hætti og gert er í Osló. Áfram er unnið að undirbúningi meðal annars mati á áhrifum mögulegra gjalda á umferðartafir, ferðatíma og ferðamataval með nýju samgöngulíkani höfuðborgarsvæðisins.

Með Samgöngusáttmálanum var okkur falið að annast þróun og sölu ríkislands að Keldum. Allur ábati af verkefninu rennur óskertur til verkefnisins um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið óskaði eftir samstarfi við Reykjavíkurborg snemma árs 2021 og borgin skipaði starfshóp um heildarskipulag Keldnlands og nærliggjandi atvinnusvæða.



Undirbúningur skipulagsgerðar hófst um mitt ár 2021. Betri samgöngur ásamt Reykjavíkurborg, ráðgjöfum og fleirum hafa unnið að forsendugreiningu, rannsóknum á tilteknum umhverfis- og samfélagsþáttum og greiningum á mögulegri legu Borgarlínu um þróunarsvæðið. Stefnt er að því að þverfagleg samkeppni um rammaskipulag Keldna og Keldnaholts verði haldin síðar á árinu og frekari skipulagsáætlanir í kjölfarið. Alls er um að ræða um 115 hektara landsvæði og mikilvægt að vanda til verka til að tryggja gæði nýrrar íbúða- og atvinnubyggðar á svæðinu og hámarka um leið virði landsins. Klukkan 14:30 í dag var svo undirrituð viljayfirlýsing milli okkar og Reykjavíkurborgar þar sem ferlið framundan er ákveðið.

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Ekki hefur þurft að koma til lántöku hingað til, en reikna má með að það verði ekki fyrir en í fyrsta lagi í lok þessa árs. Nú standa yfir viðræður við fjármála- og efnahagsráðuneyti um það með hvaða hætti þessu verði háttað. Ýmsar leiðir eru færar í þessu og bendir allt til þess að nokkuð auðvelt verði að fjármagna þetta.

---

Stjórn leggur mikið upp úr góðu upplýsingaflæði um stöðu verkefna Samgöngusáttmálans og haldnir eru vikulegir fundir með Vegagerðinni um stöðu verkefna. Á grundvelli hluthafasamkomulags fyrirtækisins starfar samhæfingarhópur sem hefur það hlutverk að halda uppi virku samtali á milli aðila Samgöngusáttmálans um samhæfingu skipulagsmála, útfærslu umfangsmikilla verkefna framkvæmdaáætlunar og er vettvangur til að leysa úr álitamálum sem komið geta upp við framkvæmd verkefna. Í samhæfingarhópnum eiga sæti framkvæmdastjóri Betri samgangna, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, forstjóri Vegagerðarinnar, skrifstofustjóri skrifstofu samgangna í innviðaráðuneytinu, framkvæmdastjóri SSH, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins og samgöngustjóri Reykjavíkurborgar. Þá skilar stjórn á sex mánaða fresti skýrslu um stöðu og framgang verkefna til stýrihóps sem skipaður er forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og innviðaráðherra fyrir hönd ríkisins, auk þriggja fulltrúa sveitarfélaganna, þ.e. borgarstjóra Reykjavíkur, ásamt formanni og varaformanni SSH.

Hér hef ég stiklað á stóru í starfseminni á síðasta ári og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka gott og ánægjulegt samstarf innan stjórnar og við starfsfólk. Jafnframt þakka ég gott og árangursríkt samstarf við Vegagerðina, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og samtök þeirra, fjármála- og efnahagsráðuneytið, innviðaráðuneytið og Ríkisendurskoðun auk allra annarra sem komið hafa að verkefnum eða starfseminni á liðnu ári og það sem af er þessu ári. Vænti ég áframhaldandi góðs og áranguríkt samstarfs við alla þess aðila í framtíðinni. Að fundi loknum bjóðum við ykkur að þiggja léttar veitingar hér í salnum.